



Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2017-2018

„Mér finnst gott að skólinn er staður þar sem maður hittir nýtt fólk“

Úr nemendakönnun Skólapúlsins í apríl 2018

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Markmið	3
Sjálfsmatsteymið	4
Verkætlun 2017-2018	4
Starfsmannasamtöl	4
Skólapúlsinn	5
Nemendakönnun.....	5
Starfsmannakönnun	6
Vinna með niðurstöður Skólapúlsins	8
Nemendakönnun.....	8
Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018-2019	9
Sjálfsmat skólaárið 2018-2019	12
Lokaorð	12

Inngangur

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskólans í Þorlákshöfn er unnin í samræmi við Lög um grunnskóla nr. 91/2008. Þar er í VII kafla fjallað um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs. Samkvæmt lögnum er það hvers skóla að velja þær aðferðir sem notaðar eru við innra mat með þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólum er skylt að birta opinberlega upplýsingar um matið.

Sjálfsmat er ferli sem snýst um að afla upplýsinga um starfsemi skólans og leggja mat á upplýsingarnar. Í framhaldinu er mikilvægt að skoða áframhaldandi skólastarf og hvort einhverjar breytingar þarf að gera og hvað hægt er að gera til þess að festa jákvæða þætti enn betur í sessi.

Í þessar skýrslu er lýsing á því mati sem fór fram skólaárið 2017-2018. Í skýrslunni er farið yfir markmið matsins, niðurstöður og hvernig unnið var með þær upplýsingar sem aflað var.

Á skólaárinu voru lagðar fyrir kannanir Skólapúlsins. Skólapúlsinn er vefkerfi þar sem hægt er að spyrja nemendur, foreldra og starfsmenn út í ýmsa þætti skólastarfsins. Nemendakönnun var lögð fyrir alla nemendur í 6. -10. bekk. Starfsmannakönnun var lögð fyrir í mars og allt starfsfólk nema skólastjórinn fengu könnunin. Þá var viðhorf starfsamanna til hinna ýmsu mála kannað í starfsmannaviðtölum sem fram fóru á tímabilinu janúar til mars. Niðurstöðum þessara kannana og samtala verða gerð skil í þessari skýrslu. Auk þess verður fjallað um hvernig unnið var með niðurstöður og þá umbótaáætlun sem unnin var í framhaldi af þeirri vinnu. Að lokum er farið yfir fyrirhugað mat á skólaárinu 2018-2019.

Markmið

Markmiðið með sjálfsmatinu er að skoða þær upplýsingar sem koma frá margvíslegum hópum skólasamfélagsins og rýna í þær til gagns fyrir skólastarfið. Skoða hvað er gert vel og hvað þarf að bæta. Í báðum tilvikum er hægt að vinna að úrbótum, efla þá þætti sem ganga vel og bæta það sem verr kemur út. Með sjálfsmatinu er einnig hægt að gera helstu hagsmunaaðilum skólasamfélagsins grein fyrir gæðum skólastarfsins.

Sjálfsmatsteymið

Skólaárið 2017-2018 sátu eftirfarandi starfsmenn skólans í sjálfsmatsteymi: Sigbrúður Harðardóttir dönsku- og íslenskukennari á unglíngastigi, Unnur Malmquist umsjónarkennari í 2. bekk, Rebekka Ómarsdóttir myndmenntakennari, Rán Gísladóttir bókavörður á skólabókasafni og Ólína Þorleifsdóttir aðstoðarskólastjóri, sem stýrði vinnu teymisins og vann skýrsluna. Teymið fundaði fjórum sinnum yfir skólaárið en auk þess hittust meðlimir þess til að undirbúa úrvinnslu á niðurstöðum kannana.

Verkáætlun 2017-2018

Á skólaárinu voru lagðar fyrir kannanir Skólapúlsins. Nemendakönnun var lögð fyrir alla nemendur skólans í tvennu lagi í október og mars. Í nemendakönnun svara allir nemendur í 6.-10. bekk fjölmörgum spurningum sem snúa að námi, líðan, heilsu og heilbrigði. Starfsmannakönnun var einnig lögð fyrir í mars en könnunin var einnig lögð fyrir á síðasta skólaári. Í starfsmannakönnun er spurt um líðan og aðbúnað á vinnustað auk þess sem kennarar svara ýmsum spurningum varðandi kennslu og þætti sem snúa að námi nemenda.

Samtöl skólastjórnenda við starfsfólk fóru fram á tímabilinu janúar – mars 2018.

Starfsmannasamtöl

Í janúar og mars tóku skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu starfsmannasamtöl við allt starfsfólk skólans. Skólastjóri ræddi við flesta starfsmenn eða 27, aðstoðarskólastjóri ræddi við 15 starfsmenn og deildarstjóri við 9. Boðað var í viðtal með nokkurra daga fyrirvara í gegnum tölvupóst og einnig sendar nokkrar spurningar sem notaðar voru til grundvallar samtalinu. Spurt var um fjölmarga þætti sem koma að vinnustaðnum og starfinu í skólanum. Meðal annars var rætt um líðan á vinnustað, vinnustaðamenningu, skólastarfið í vetur, upplýsingaflæði, álag í starfi, stuðning í starfi, næsta skólaár, endurmenntun, ábendingar um það sem betur má fara og ýmislegt fleira. Skólastjórnendur tóku niður punkta í þessum viðtölum og ræddu sín á milli um það sem kom fram. Skipulag næsta skólaárs grundvallast að miklu leyti á þeim upplýsingum sem komu fram í þessum viðtölum. Sem dæmi þá voru allir starfsmenn ánægðir með Vikupóstinn sem stjórnendur senda frá sér á föstudögum. Talsvert bar á að starfsfólk ræddi umtal og baktal í starfsmannahópnum. Einnig nefndu nokkrir að hópaskipting væri til staðar á vinnustaðnum.

Flestir nefndu að þeim liði vel í vinnunni þó vinnuálag sé stundum mikið og þá sérstaklega tengt nemendum sem glíma við áskoranir í framkomu og námi. Nokkrir starfsmenn nefndu að Bjarg og tilkoma viðbragðsteymis væri gott úrræði sem hefði jákvæð áhrif á skólabraginn. Bjarg er nýtt úrræði fyrir nemendur með sérstakar þarfir í námi og hegðun og viðbragðsteymið er ætlað til þess að bregðast við ofbeldisfullri hegðun nemenda.

Skólapúlsinn

Nemendakönnun

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir alla nemendur í 6. -10. bekk í tvennu lagi í október 2017 og mars 2018. Könnunin skiptist í þrjú meginþætti, í fyrsta lagi virkni nemenda í skólanum, í öðru lagi líðan og heilsu og í þriðja lagi skóla- og bekkjaranda. Langflestir grunnskólar á Íslandi leggja nemendakönnun Skólapúlsins fyrir og geta skólar því borið sínar niðurstöður saman við niðurstöður á landsvísu þar sem fundið er út ákveðið meðaltal.

Fyrsti hlutinn sem snýr að virkni nemenda í skólanum kemur vel út. Spurningar varðandi áhuga á náminu, þrautseigju, ánægju af stærðfræði og trú á eigin vinnubrögðum í námi koma út á meðaltali og skera sig ekki út miðað við aðra skóla. Trú nemenda á eigin vinnubrögð í námi og ánægja af lestri er marktækt meiri hér en í samanburðarskólunum. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá að nemendur hér hafa meiri áhuga á lestri en áhersla á lestur nemenda hefur verið mikil á þessu skólaári.

Í öðrum hluta eru spurningar sem snúa að líðan og heilsu nemenda. Þar er spurt út í sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, áhyggjur, einelti, tíðni hreyfingar og hollt matarræði. Þessir þættir komu flestir vel út og ekki marktækur munur á þeim miðað við aðra skóla. Tveir þættir mælast þó marktækt neikvætt miðað við meðaltalið. Eineltið mælist lítillaga yfir meðallagi og einnig þátturinn sem snýr að hollu matarræði.

Í þriðja og síðasta hluta könnunar Skólapúlsins er spurt út í þætti sem snúa að skóla- og bekkjaranda. Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda og kennara, aga í tímum, virka þátttöku nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu. Eini þátturinn sem kom út aðeins undir meðallagi er samsömun við nemendahópinn, en í þeim þætti mælist skólinn lítillaga undir meðaltali. Aðrir þættir koma afar vel út en samband nemenda við kennara kemur vel

yfir meðaltali, agi í tímum kemur langt yfir meðaltali og mikilvægi heimavinnu í náminu. Þetta eru greinilega sterkir þættir í skólastarfinu í Grunnskólanum í Þorlákshöfn.

Auk þessara stöðluðu spurninga eru tvær opnar spurningar þar sem nemendur eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir gott við skólann sinn og hvað mætti betur fara. Skólastjórnendur fóru yfir opin svör nemenda og brugðust við því sem þurfti að bregðast við. Margir nemendur vildu koma skoðun sinni á framfæri hvað varðar nýjar skólareglur og takmörkun á notkun nemenda á síma, einnig bentu nemendur á að þeim þætti ekki gott að taka frímínútur undir lestur, einhverjir nefndu að maturinn væri ekki góður og nokkrir nemendur nefndu að stundum mættu samskiptin vera jákvæðari. Varðandi jákvæðar athugasemdir um skólann bentu margir nemendur á að í skólanum ríkti góður andi, starfsmenn vingjarnlegir og að kennarar bæru hag nemenda fyrir brjósti. Einnig nefndu margir að allir væru vinir og aðstaða góð.

Starfsmannakönnun

Allir starfsmenn skólans fengu boð um að taka þátt í starfsmannakönnun Skólapulssins. Svörunin var góð því um 84% starfsmanna svöruðu könnuninni. Könnunin skiptist í sex þætti. Í fyrstu tveimur hlutum eru spurningar til allra starfsmanna varðandi almennan aðbúnað í starfinu og viðhorf til skólans. Í þriðja hluta eru þeir sem sinna kennslu spurðir út í kennarastarfið og í fjórða hluta er spurt um starfsumhverfi kennara. Í fimmta hlutanum er spurt um mat og endurgjöf á starfi kennara og í þeim sjötta eru kennarar spurðir út í endurmenntun sína. Að lokum eru tvær opnar spurningar um það sem er gott í skólanum og það sem betur má fara.

Í fyrstu tveimur hlutum könnunarinnar eru allir starfsmenn spurðir út í ýmislegt sem viðkemur vinnustaðnum. Allar upplýsingar eru gefnar út í samanburði við aðra skóla sem taka þátt í þessari könnun og ef mæling skólans á tilteknum þætti er tölfræðilega marktækt fyrir ofan eða neðan niðurstöðum annarra er það tilgreint sérstaklega. Spurt var um starfsmannaviðtöl, áreitni meðal starfsfólks, starfsanda innan skólans, stjórnun skólans og starfsumhverfi. Flestir þessir þættir komu vel út eða í meðaltali miðað við aðra skóla. Einn þáttur kom mælanlega fyrir ofan meðaltal en það var upplýsingastreymi innan skólans sem mælist afar gott. Einn þáttur kom lítillega fyrir neðan meðaltal en það er starfsánægja innan skólans.

Í þriðja hluta könnunarinnar eru kennarar spurðir út í kennarastarfið. Spurt er um ánægju með kennarastarfið, trú á eigin getu, upplýsingamiðlun og ýmis vinnubrögð við nám og kennslu nemenda. Allir þessir þættir komu vel út og á meðaltali ef miðað er við aðra skóla sem taka þátt. Langflestir kennarar undirbúa kennslu í skólanum eða í 93 % tilfella. Miðað við aðra skóla kemur þessi þáttur vel út eða 28% yfir meðaltali annarra skóla.

Í fjórða hluta könnunarinnar eru kennarar spurðir út í starfsumhverfi sitt. Þar er spurt um þann stuðning sem kennarar fá vegna nemenda með hegðunar- og námserfiðleika, faglegan stuðning skólastjóra, samráð um kennslu, samvinnu kennara, valddreifingu, virka samvinnu um skólaþróun og umbætur og vinnuaðstæður. Í ljós kom að kennarar upplifa hér í skólanum mikinn stuðning þegar kemur að nemendum með hegðunar- og námserfiðleika. En þessir þættir mælast langt yfir meðaltali. Faglegur stuðningur skólastjóra mælist þó lítillega undir meðallagi. Kennarar eru greinilega ánægðir með vinnuaðstæður sínar en sá þáttur mælist marktækt vel yfir meðallagi þeirra skóla sem taka þátt í könnuninni.

Í fimmta hluta könnunarinnar er fjallað um mat og endurgjöf á starfi kennara. Spurt er um umfang mats og endurgjafar, hvort matið er hæfilegt frá stjórnendum, sanngirni þess, gagnsemi og nýtingu á niðurstöðum þess. Ef miðað er við aðra skóla kemur í ljós að umfang mats og endurgjafar er frekar lítið í skólanum eða 35% minna en í öðrum skólum. Kennarar telja þó að matið sé hæfilegt.

Í síðasta hlutanum er spurt um símenntun kennara. Spurt er um meðalfjölda daga í símenntun, símenntunarpörf, hlutfall þeirra sem hefðu viljað meiri símenntun, hindranir og þær leiðir sem kennarar fara til að sinna símenntun sinni. Fram kemur að hér við skólann eru kennarar greinilega duglegir að sinna símenntun. Rúmlega 11% fleiri símenntunardagar eru á hvern kennara miðað við kennara sem svara þessari könnun.

Í opnu spurningunum komu fram ýmsar athugasemdir. Ekki var hægt að merkja neitt sammerkt í þeim. Skólastjórnendur fóru yfir athugasemdirnar með gagnrýnum augum og skoðuðu hvort ástæða væri til að bregðast við.

Vinna með niðurstöður Skólapúlsins

Nemendakönnun

Niðurstöður sjálfsmats voru ræddar í sjálfsmatsnefnd skólans hverju sinni. Þá fóru stjórnendur yfir niðurstöður og skoðuðu hvort þyrfti að bregðast við niðurstöðum strax. Á starfsdögum í júní var ákveðið að fara yfir allar niðurstöður með starfsfólki skólans og vinna að umbótaáætlun næsta skólaárs. Byrjað var á að fara yfir niðurstöður starfsmannakönnunar og ræða jafnóðum. Hópnun var síðan skipt niður í þrjá hópa. Þrjú umræðuborð voru þar sem umræðustjóri stýrði vinnu. Allir fengu í upphafi umhugsunarfrest og skrifuðu niður hugmyndir varðandi umræðuefnin á litla miða. Umræðustjóri safnaði síðan saman miðunum, las þá upp og hópurinn flokkaði miðana í flokka. Að ákveðnum tíma liðnum skiptu hóparnir um borð og fóru þá á næsta umræðuborð. Umræðunni um starfsmannakönnun var skipt niður í eftirfarandi flokka:

1. Starfsandi og starfsánægja, hvernig má efla andann og bæta starfsánægju?
2. Faglegur stuðningur skólastjórnenda og trú kennara á eigin getu. Hvernig má efla þessa þætti?
3. Mat og endurgjöf, hvernig viljum við standa að slíku mati og bæta endurgjöf?

Helstu niðurstöður umræðunnar má sjá í endurbótaáætlun næsta skólaárs.

Að lokinni þessari vinnu var unnið eins með niðurstöður nemendakönnunar. Umræðunni var skipt niður í eftirfarandi flokka:

1. Hvernig getum við minnkað einelti og bætt samsömun við nemendahópinn.
2. Hollt matarræði, hvernig getur skólinn aðstoðað heimilin með þennan þátt?

Í lok beggja fundanna voru niðurstöður ræddar í hópnun. Sjálfsmatsnefnd skólans vann síðan áfram með niðurstöður fundarins og byggir umbótaáætlun næsta skólaárs að mestu á niðurstöðum þessa fundar.

Haustið 2018 er fyrirhugað að skólastjóri fari yfir niðurstöður nemendakönnunar með öllum nemendum sem tóku þátt í Skólapúlsinum. Á þeim fundum verða sterkar hliðar skólastarfsins ræddar en auk þess rætt um hvað gera má til að bæta þá þætti sem koma ekki eins vel út. Sjónarmiðum nemenda verður því bætt inn í umbótaáætlun eftir þessa fundi.

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018-2019

Hvað á að gera og hvernig?	Hvenær	Ábyrgð
Mæta þörfum starfsfólk varðandi sveigjanleika í starfi einkum hvað varðar heilbrigði og hreyfingu. Kynna mismunandi kjarasamninga og þá möguleika sem þeir bjóða upp á.	Skólaárið 2018-2019	Skólastjórnendur í samvinnu við yfirvöld í sveitarfélaginu.
Stefna að því að bæta starfsanda meðal starfsfólks. Meðal annars með því að fjölga uppákomum utan skólatíma og á fundartímum t.d. klúbbum, námskeiðum o.fl. Regluleg uppbot á kaffistofu t.d. varðandi sæti og uppákomur.	Skólaárið 2018-2019	Skólastjórnendur í samvinnu við starfsmannafélag.
Byggja áfram upp jákvæðan starfsanda með grunngildi skólans í huga, vináttu, virðingu og velgengni. Vinna með gildi á starfsmannafundum. Vinna með hrós og hvatningu innan hópsins.	Skólaárið 2018-2019	Stjórnendur og allir starfsmenn.
Auka sýnileika skólastjórnenda. Til dæmis með því að þeir heimsæki kennslustofur og séu aðgengilegir fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk.	Skólaárið 2018-2019	Skólastjórnendur

<p>Auka faglegt samstarf þeirra sem sinna kennslu og samtali milli aldurstiga. Til dæmis með því að miðla verkefnum sem verið er að vinna og fjalla um kennslufræðileg efni á stigsfundum og kennarafundum.</p>	<p>Skólaárið 2018-2019</p>	<p>Skólastjórnendur, tengiliðir stiga og kennarar.</p>
<p>Setja jafningjamat og handleiðslu á dagskrá. Til dæmis með því að setja af stað verkefni með þeim kennurum sem vilja fá sínar kennslustundir metnar og meta aðra. Handleiðsla verði sett á dagskrá t.d. starfsmannafunda.</p>	<p>Skólaárið 2018-2019</p>	<p>Skólastjórnendur og tengiliðir stiga.</p>
<p>Fræðsla fyrir nemendur um einelti og fjölbreytileika. Efla gildi eins og umburðarlyndi og umhyggju og grunngildi skólans vináttu, virðingu og velgengni. Mynda mismunandi vinahópa. Auka tengsl við foreldra við vinnslu mála og samskiptamál</p>	<p>Skólárið 2018-2019</p>	<p>Skólastjórnendur og umsjónarkennarar.</p>
<p>Koma á fót reglulegum bekkjarfundum til að ræða meðal annars samskipti og gildi.</p>	<p>Skólaárið 2018-2019</p>	<p>Umsjónarkennarar.</p>

<p>Samskiptastefna/agastefna.</p> <p>Velja agastefnu og hefja innleiðingu með námskeiði fyrir starfsmenn.</p>	Skólaárið 2018-2019	Skólastjórnendur í samvinnu við starfsfólk skólans.
<p>Starfsmannasáttmála – stefna varðandi samskipti e.t.v. í sambengi við þá agastefnu sem valin verður.</p>	Skólaárið 2018-2019	Skólastjórnendur og starfsmenn
<p>Könnun náms- og starfsráðgjafa á líðan og einelti í öllum bekkjum.</p>	Haustönn 2018	Skólastjórnendur í samvinnu við náms – og starfsráðgjafa.
<p>Bekkjargundir og einstaklingsviðtöl við nemendur þar sem áhersla er á líðan og samskipti.</p>	Allt skólaárið	Umsjónarkennarar í samvinnu við skólastjórnendur.
<p>Auka fræðslu um heilbrigða og holla lífshætti e.t.v fá fyrirlestra til að ræða við nemendur um þetta efni.</p>	Skólaárið 2018-2019	Skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur, yfirmaður mötuneytis og kennarar.
<p>Gefa út tilmæli til foreldra varðandi skólanesti með það að markmiði að minnka neyslu á sykrudum matvælum.</p>	Haustönn 2018	Stigsstjórnar í samvinnu við kennara og skólastjórnendur

Sjálfsmat skólaárið 2018-2019

Á skólaárinu 2018-2019 verður áfram unnið að því að meta skólastarfið og fá fram margvíslegar upplýsingar um starfið. Nemendakönnun Skólapúlsins verður áfram lögð fyrir en að auki verður unnið að því að fá fram viðhorf yngri nemenda varðandi skólastarfið t.d. með könnun náms- og starfsráðgjafa og með hópfundum.

Leitast verður við að fá fram viðhorf foreldra varðandi skólastarfið með fundum með foreldrum, samtölum og góðu samstarfi við foreldrafélag skólans. Auk þess sem foreldrakönnun Skólapúlsins verður lögð fyrir.

Formleg starfsmannasamtöl skólastjórnenda við alla starfsmenn skólans verða á vorönn 2019 en starfsmannakönnun verður lögð fyrir annað hvert skólaár.

Lokaorð

Í Grunnskólanum í Þorlákshöfn er leitast við að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats/innra mats með markvissum hætti. Tilgangur matsins er að þróa öflugt skólastarf til hagsbóta fyrir nemendur. Miðað við þær upplýsingar sem koma út úr matinu gengur skólastarfið vel þó alltaf sé hægt að gera betur. Þann metnað hafa starfsmenn skólans, foreldrar og nemendur. Skólasamfélagið í Þorlákshöfn byggir á öflugu starfsfólki, foreldrum sem sýna skólastarfinu áhuga og hafa trú á skólanum, jákvæðu samfélagi gagnvart skólanum og síðast en ekki síst fjölbreyttum og frábærum nemendahóp. Sveitafélagið Ölfus hefur ávallt sýnt metnað hvað varðar skólamál og aðbúnað skólans. Það endurspeglast í því að bæði starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með aðbúnað skólans.